

Skipaður verjandi ákærða krefst frávísunar máls þessa frá sakadómi. Með vísan til 11. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að hafna þessari kröfu skipaðs verjanda ákærða.

Þar sem sannað þykir, að ákærði hefur ekki stöðuleyfi fyrir margnefndri skúrbyggingu, ber að dæma hann til að fjarlægja skúrbygginguna af lóðinni við Helgamagrastræti, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, sem ákvarðast kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jón Steinn Elíasson, skal fjarlægja skúrbygginguna að Helgamagrastræti 10.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1981.

Nr. 70/1980. **Friðrik Haraldsson**  
(Stefán Pálsson hrl.)  
gegn  
**Guðmundi Þórðarsyni**  
(sjálfur).

Fjárnámgerð úr gildi felld.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með

stefnu 16. október 1979, en útivistardómur gekk í því máli 14. apríl 1980. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 skaut áfrýjandi málinu til Hæstaréttar að nýju með stefnu 12. maí 1980. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, er fram fór í fúgetarétti Kjósarsýslu 28. september 1979, verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 29. janúar 1979 lofaði áfrýjandi að greiða stefnda 250.000 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 125.000 krónum frá 5. júní 1978 til 5. júlí 1978, en af 250.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags, 3.400 krónur í bankakostnað og 60.000 krónur í málskostnað, allt hinn 1. apríl 1979.

Áfrýjandi greiddi skuldina ekki á gjalddaga, og hinn 27. apríl 1979 lét stefndi framkvæma fjárnám í fúgetarétti Kópavogs til tryggingar henni í tveim bifreiðum, R 62278 og R 57862, sem hann taldi eign áfrýjanda. Ekki hefur verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit af þessari fjárnámsgerð. Söluþykning frá áfrýjanda til eiginkonu hans um bifreiðina R 62278 er dagsett 28. apríl 1979, og bifreiðin var skráð á nafn hennar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins 3. maí s. á. Bifreiðin R 57862 var sama dag skráð á nafn manns í Hafnarfirði hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Söluþykning um hana er dagsett 8. janúar 1979. Hinn 2. maí 1979 lét stefndi þinglýsa í Reykjavík áðurgreindri fjárnámsgerð á báðar bifreiðarnar. Var það gert athugasemdalaust, að því er séð verður af veðbókarvottorðum. Í júlímánuði 1979 tók stefndi bifreið þá, sem áfrýjandi hafði afsalað konu sinni, í sínar vörslur, en afhenti hana síðan aftur um það bil viku seinna, er hann vissi, að áfrýjandi mundi bera það fyrir sig, að hún væri eign konu sinnar.

Hinn 28. september 1979 var fúgetaréttur Reykjavíkur háður af Ólafi Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfúgeta, á skrifstofu hans. Er bókað í þingbók, að lögð hafi verið fram gerðarbeiðni og fyrrnefnd sátt í bæjarþingi Reykjavíkur. Að-

iljar máls þessa sóttu báðir þing. Áfrýjandi kvaðst ekki geta greitt. Er síðan eftirfarandi bókað í þingbók: „Að kröfu gerðarbeiðanda er bent á eignina Norðurtún 18, Bessastaðahreppi, til fjárnáms. Gerðinni er lokið þar, en verður haldið áfram í fógetarétti Gullbringusýslu. Mætti skrifar eingöngu undir samþykki á fyrirtöku málsins hér. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið játað rétt bókað. Gerðinni lokið.“

Sama dag ritaði stefndi sýslumanni Kjósarsýslu bréf og fór þess á leit, „að gert verði fjárnám í fasteigninni Norðurtún 18, Bessastaðahreppi, eign“ áfrýjanda, til tryggingar áðurgreindri skuld ásamt vöxtum og kostnaði.

Sama dag tók Bergur Oliverson, fulltrúi sýslumanns í Kjósarsýslu, beiðni þessa fyrir í fógetarétti Kjósarsýslu, sem haldinn var að Norðurtúni 18 að viðstöddum tveim vottum. Fógeti lagði fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit úr fógetaþók Reykjavíkur, dagsett sama dag. Stefndi sótti þing og krafðist fjárnáms til tryggingar áðurgreindri skuld ásamt vöxtum og kostnaði. Áfrýjandi var ekki viðstaddur, en bókað er í þingbók, að fyrir hann hafi sótt þing kona, er í húsinu hjó. Síðan er bókað: „Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Norðurtún 18, Bessastaðahreppi. Fallið er frá virðingu. Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið, að ekki megi ráðstafa hinu fjárn. á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.“

Það er þessi fjárnámsgerð, sem áfrýjað er.

Fjárnámi því í áðurgreindum bifreiðum, er þinglýst hafði verið í Reykjavík og fyrr getur, var aflýst hinn 12. október sama ár.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fjárnám hafi ekki mátt gera hjá stefnda, þar sem stefndi „átti þegar þinglýst og óaflýst fjárnám í 2 bifreiðum fyrir sömu kröfu og hafi ekki látið framkvæma lausnargerð“. Þá telur hann fjárnámsgerðina í fógetarétti Kjósarsýslu vera sjálfstæða gerð, en ekki

framhaldsfjárnám og sé því vandséð, hvernig mátt hafi framkvæma hana án þess að fá til atbeina áfrýjanda. Loks telur hann, að við fógetagerðina, sem fram fór í Reykjavík, hafi fógeti vanrækt að gæta leiðbeiningarskyldu sinnar.

Stefndi heldur því fram, að fjárnámið sé í alla staði löglegt. Ljóst sé, að verið var að framkvæma nýtt fjárnám í stað fjárnáms þess, sem gert hafði verið í áðurgreindum bifreiðum, en áfrýjandi hafi verið búinn að selja þær, áður en fjárnámið fór fram. Hið nýja fjárnám hafi verið byrjað í Reykjavík og því síðan fram haldið að Norðurtúni 18.

Þegar fjárnámssgerð sú, er áður greinir, fór fram í fógetarétti Kópavogs 27. apríl 1979, var áfrýjandi enn skráður eigandi beggja bifreiðanna. Hann var enn skráður eigandi þeirra, þegar endurrit fjárnámssgerðar var afhent til þinglýsingar 2. maí s. á. Ekki hefur gildi þessarar fjárnámssgerðar verið vefengt af hálfu áfrýjanda, og henni hafði ekki verið aflétt með lausnargerð eða á annan hátt, er hið áfrýjaða fjárnám var gert fyrir sömu kröfu. Ekki hafði stefndi þá heldur látið reyna á það, hvort fyrra fjárnámið væri gild uppboðsheimild gagnvart kaupendum bifreiðanna, né staðreynt með virðingu eða uppboði, að verðmæti bifreiðanna hrykki ekki til að greiða kröfuna. Mátti því ekki taka fjárnámið upp að nýju og halda því áfram, eins og gert var 28. september 1979, sbr. 51. og 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Verður þegar af þessari ástæðu að fella hina áfrýjuðu fjárnámssgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Guðmundur Þórðarson, greiði áfrýjanda, Friðrik Haraldssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.